



Stjórnarfundur Foreldrafélags Akurskóla

Haldinn 23. ágúst 2011

Mættir: Elísabet Kjartansdóttir, Erla Guðmundsdóttir, Guðmunda Hergeirsdóttir, Guðmundur Þórðarson, Halldóra Hreinsdóttir, Jóna Guðrún Jónsdóttir, Katrín J. Ólafsdóttir og Kristín Þorsteinsdóttir.

Efni fundarins:

1. Verkaskipting stjórnar:
 - Formaður:** Guðmundur, umsjón með laufabrauði
 - Varformaður:** Erla, tengill við FFGÍR, ritnefnd og Skólaráð
 - Gjaldkeri:** Halldóra, umsjón með Ég og þú
 - Ritari:** Guðmunda, umsjón með heimasvæði
 - Meðstjórnandi:** Elísabet, , umsjón með páskabingói og ritnefnd
 - Meðstjórnandi:** Katrín, umsjón með skólapeysum og Skólaráð
 - Meðstjórnandi:** Kristín, , tengill við bekkjarfulltrúa
 - Varamaður:** Jóna,, umsjón með laufabrauði
2. Ákveðið að hver stjórnarmaður hafi ákveðið umsjónar hlutverk, beri ábyrgð og fylgi viðkomandi málum eftir. sjá lið 1.
3. Bekkjarfulltrúar. Finna þarf bekkjarfulltrúa fyrir veturinn. Biðja umsjónarkennara (Guðmunda) að útvega bekkjarfulltrúa á samtalsdegi 9. september sem og að stjórnarmenn hafi augun opin fyrir foreldrum sem vænlegir eru til starfans. Markmið að fullskipa stöður bekkjarfulltrúa á námsefna kynningum í haust. Nóg að tveir bekkjarfulltrúar séu fyrir hvern bekk (einn úr hvorum árgangi). Halda svo fund með bekkjarfulltrúum í september.
4. Kostnaðaráætlun. Taka þarf saman fasta kostnaðarliði, árlega styrki vegna ferða og annars slíks til að geta betur mætt því sem til fellur og kemur óvænt upp á (Guðmundur) og hafa tilbúið fyrir næsta fund. Þegar ferðastyrkir eru ákveðnir þarf að taka tillit til umfangs og kostnaðar ferðanna. Einnig þarf að huga að því að styrkveitingar FFA skiptist nokkuð jafnt milli aldurshópa. Árgjald FFA var hækkað í 1500 kr á fjölskyldu. Nemendur eru nú 407 talsins og þarf að áætla innheimtur þar.
5. Dagskrár áætlun vetrarins
 - September:** Peysumátun á samtalsdegi. FFA kynning á námsefnakynningu (muna afmælisgjafaregluna) Stjórnarfundur og með bekkjarfulltrúum
 - Október:** Opin spjall fundur með foreldrum – umræðuefni: Félagslíf, Opin fundur 26/10 í samstarfi við skólann - kynning á Olweus, fræðsla um einelti ath. að fá erindi frá liðsmönnum Jeríkó
 - Nóvember:** Ég og þú verkefnið og laufabrauð
 - Desember:** ekkert
 - Janúar:** Fundur með bekkjarfulltrúum
 - Febrúar:** Opin fundur

Mars: Páskabingó

Apríl: Opin fundur – kaffisþjall með skólastjórnendum

Mái: Aðalfundur

6. Félagslíf. Gera greinarmun á því sem er á vegum skólans annars vegar og FFA hinsvegar. Kalla eftir upplýsingum frá skólastjórnendum hvernig félagslífi nemenda er háttað innan skólans (Guðmunda) Senda erindi á FFGÍR og varðandi félagslíf/æskulýðsstarf innan hverfisins þar sem samgöngur við aðra bæjarhluta eru engar á kvöldin (Guðmunda). Hvernig getur FFA stutt við og komið að eflingu félagslífs nemenda innan skólans.
7. Kynningarmál FFA. Athuga hvort FFA geti fengið sinn fasta sess í fréttablaði skólans Korninu og tæki þá þátt í kostnaði við fréttablaðið.
Taka saman á einu blaði verkefni síðasta árs og dagkrár áætlun vetrarins og biðja kennara að afhenda foreldrum á samtalsdegi 9. september (ritnefnd).
8. Önnur mál. Kynna grænfánaverkefnið betur fyrir foreldrum. Halldóra ætlar að bera upp við Kristjönu hvort hún taki að sér starf skoðunarmanns reikninga.

Fundi slitið

Fundarritari: Guðmunda Hergeirsdóttir